

Fimmtudaginn 22. maí 1997.

Nr. 350/1996. **Grænmeti ehf.**

(Gestur Jónsson hrl.)

gegn

Matthíasi M. Guðmundssyni

(Magnús Thoroddsen hrl.)

Skuldabréf. Sjálfskuldarábyrgð. Endurkrafa. Málsástæður. Málsmeðferð. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Garðar Gíslason, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 13. september 1996. Hann krefst sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Í héraðsdómsstefnu greinir meðal annars svo í umfjöllun um málsástæður og önnur atvik: „Með yfirlýsingu, dags. 3. maí 1993, var ábyrgð Þórðar Þórðarsonar felld niður, en um leið tók stefnandi á sig sjálfskuldarábyrgð . . . Stefnandi telur í skjóli reglna viðskiptabréfa og eðli solidarískrar ábyrgðar, að hann geti kafið stefnda um sama hlutfall af skuldinni og fjöldi ábyrgðarmanna er.“

Undir fyrirsögn um sönnunargögn í stefnunni segir það eitt, að stefnandi leggi auk stefnu fram við þingfestingu málsins skuldabréf ásamt yfirlýsingu, innheimtubréf og afrit af kröfulýsingu. Í tilvitnuðu innheimtubréfi, sem stefnandi hafði áður sent stefnda í héraði, segir meðal annars: „Sjálfskuldarábyrgðaraðili var upphaflega Þórður Þórðarson . . . Með yfirlýsingu, dags. 3. maí 1993, var Þórður Þórðarson leystur undan ábyrgð sinni, en í staðinn kom Matthías M. Guðmundsson . . . Skuldabréfið var selt af Grænmeti hf., og um leið tók Grænmeti hf. á sig sjálfskuldarábyrgð.“

Með þessu lagði stefnandi í héraði grundvöllinn að málalítilbúnaði sínum. Ekki er til þess vísað, að staðreyndir málsins séu einhverjar aðrar en ráða megi af fram lögðum gögnum, þar með talinni yfirlýs-

ingu Sparisjóðs Kópavogs 3. maí 1993, þar sem segir, að ábyrgð Þórðar hafi verið felld niður, en stefnandi í héraði komi í hans stað. Ekki var þess heldur getið, að stefnanda hefði verið ókunnugt um yfirlýsinguna, er hann tók á sig sjálfskuldarábyrgð á skuld Ártúns-sveppa hf. með áritun á skuldabréfið. Miðaðist vörn stefnda í héraði við, að stefnandinn teldi sig hafa komið sem ábyrgðarmann í stað Þórðar, sem hefði um leið verið leystur undan ábyrgð. Er vörn stefnda í samræmi við það á því reist, að stefnandi hafi þess vegna tekið á sig allar sömu skyldur og áður hvíldu á Þórði samkvæmt ábyrgð hans á skuldinni. Eigi hann því ekki endurkröfu á stefnda, sem hafi verið eigandi bréfsins, en síðar framselt það Sparisjóði Kópavogs.

Við aðalmeðferð málsins í héraði gaf stefnandi skýrslu. Skýrði hann þá svo frá, að hann hefði áritað bréfið í Sparisjóði Kópavogs sem ábyrgðarmaður að beiðni mágs síns. Hefði hann ekki séð framhlið skuldabréfsins. Ekki hefði hann heldur vitað af yfirlýsingu sparisjóðsins 3. maí 1993 um, að hann kæmi sem ábyrgðarmaður í stað Þórðar Þórðarsonar, eða vitað af öðrum ástæðum, að Þórður væri þá þegar ábyrgðarmaður á bréfinu. Hann hafi hins vegar séð áritun Grænmetis ehf. á bakhlið skuldabréfsins, og hafi hann þess vegna áritað það sjálfur um ábyrgð í trausti þess, að um samábyrgð þeirra beggja væri að ræða. Við munnlegan flutning málsins bókaði héraðsdómari, að lögmaður stefnanda leiðrétti það, sem fram kemur í stefnu, að hann hafi vitað, að ábyrgð Þórðar yrði felld niður. Enn fremur er bókað, að lögmaður stefnda mótmælti breytingu á atvikalýsingu lögmanns stefnanda.

Með síðbúnum fullyrðingum um staðreyndir málsins breytti stefnandi málsástæðum sínum og raskaði verulega þeim grundvelli, sem lagður var með hinum skriflega málalíbúnaði. Er þetta andstætt meginreglum réttarfarslaga um, að málsástæður skuli koma fram þegar í stefnu, og um afdráttarlausu meðferð máls, sbr. 1. mgr. 80. gr. og 5. mgr. 101. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Gegn mótmælum stefnda var héraðsdómara óheimilt að líta til hinnar nýju málsástæðu við úrlausn málsins. Verður það dæmt á þeim grundvelli, sem lagður var með stefnu og greinargerð stefnda í héraði, en engar ástæður eru fram komnar, sem heimila stefnanda að reisa kröfur sínar á öðru en því, sem þar var teflt fram.

II.

Framsal áfrýjanda á umræddu skuldabréfi er ódagsett, en málsaðila greinir ekki á um, að það hafi verið framselt í lok mars 1993. Kemur þar fram, að áfrýjandi ábyrgist sem seljandi bréfsins, að það verði greitt. Hafði Þórður Þórðarson áður undirritað bréfið sem sjálfskuldarábyrgðarmaður, en það var gefið út í febrúar 1993.

Með áritun sinni skuldbatt áfrýjandi sig óskipt með fyrri ábyrgðarmanni gagnvart þeim, sem síðar eignuðust bréfið, en með árituninni stofnaðist enginn réttur til endurkröfu fyrir Þórð eða stefnda, sem kom í hans stað, kæmi til þess, að á sjálfskuldarábyrgð hans reyndi. Að þessu leyti eiga hér við þau fordæmi, sem vísað hefur verið til í dómum Hæstaréttar 1992, 1997, og 1993, 2344. Að þessu virtu verður sýknukrafa áfrýjanda tekin til greina. Verður stefnda jafnframt gert að greiða honum málskostnað, sem verður ákveðinn sameiginlega í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð:

Áfrýjandi, Grænmeti ehf., á að vera sýkn af kröfum stefnda, Matthíasar M. Guðmundssonar, í málinu.

Stefndi greiði áfrýjanda samtals 200.000 krónur í málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti.

S é r a t k v æ ð i
Garðars Gíslasonar

Ágreiningslaust er, að stefndi tókst á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi, út gefnu af Ártúnssveppum hf., eftir að áfrýjandi hafði gerst á því sjálfskuldarábyrgðarmaður.

Áfrýjandi hélt því fram í greinargerð sinni í héraði, að samkomulag hefði verið um það gert við kaupanda bréfsins, Sparisjóð Kópavogs, að stefndi kæmi sem sjálfskuldarábyrgðarmaður í stað Þórðar Þórðarsonar, sem tekið hafði á sig sjálfskuldarábyrgð á bréfinu strax við útgáfu þess, og að aðilaskipti þessi hafi farið fram án vitundar hans. Stefndi hafi kosið að koma í stað upphaflegs sjálfskuldarábyrgðaraðila. Í greinargerð þessari kvaðst áfrýjandi myndu

leiða Valdimar M. Jónasson til skýrslugjafar fyrir héraðsdómi um málsatvik og áskildi sér rétt til að leggja síðar fram gögn og leiða fram frekari vitni.

Við aðalflutning málsins í héraði 14. júní 1996 kom stefndi fyrir dóminn. Áfrýjandi leiddi vitnið Valdimar Steinar Jónasson, sem hafði bæði gefið út skuldabréfið fyrir hönd Ártúnssveppa hf. og framselt það Sparisjóði Kópavogs fyrir hönd áfrýjanda. Að þessum skýrslum loknum fór fram munnlegur málflutningur. Bókaði héraðsdómari þá um málflutning lögmanns stefnda: „Leiðréttir hann það, sem fram kemur í stefnu um, að stefnandi hafi vitað um, að ábyrgð Þórðar yrði felld niður.“ Var þessa þó ekki þörf, þar sem í stefnunni kom það ekki fram. Hélt málflutningur áfram, og bókaði héraðsdómari um málflutning lögmanns áfrýjanda, stefnda í héraði: „Mótmælir hann breytingu á atvikalýsingu lögmanns stefnanda.“ Að málflutningi loknum lögðu lögmennt í héraði málið í dóm.

Gegn andmælum stefnda hefur áfrýjandi ekki sannað, að stefndi hafi með undirritun sinni ætlað að taka á sig ábyrgð þá, sem Þórður Þórðarson hafði á sig tekið, en verið leystur undan. Hafði áfrýjandi þó í héraði áskilið sér rétt til að leggja fram gögn og leiða vitni. Samkvæmt þessu og með vísan til forsendna hins áfrýjanda dóms að öðru leyti tel ég rétt að staðfesta hann og dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. júní 1996.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 14. júní sl., var höfðað með stefnu, birtri 27. febrúar 1996.

Stefnandi er Matthías M. Guðmundsson, kt. 021045-2259, Njarðarholti 6, Mosfellsbæ.

Stefndi er Grænmeti hf., kt. 530891-1199, Flúðaseli 81, Reykjavík.

Af hálfu stefnanda er þess krafist, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 471.562 kr. auk vaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1995 til greiðsludags og til greiðslu málskostnaðar auk virðisaukaskatts á málflutningsþóknun. Þess er jafnframt krafist, að dráttarvextir leggist við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 8. desember 1996.

Af hálfu stefnda er krafist sýknu af öllum kröfum stefnanda og að stefnandi verði dæmdur til greiðslu málskostnaðar stefnda að skaðlausu.

II.

Málsatvik, málsástæður og lagarök.

Hinn 9. febrúar 1993 gáfu Ártúnssveppir hf. út skuldabréf til handhafa. Skuldabréf þetta var að fjárhæð 1.400.000 kr., sem skyldi greiða á þremur árum með 36 afborgunum, í fyrsta sinn 20. mars 1993. Samkvæmt áritun á skuldabréfið gerðist Þórður Þórðarson, kt. 280245-4459, Reiti, Reykholtssdal, sjálfskuldarábyrgðaraðili að skuldinni. Skuldabréfið framseldi handhafi, sem þá var stefndi málsins, Sparisjóði Kópavogs og tókst um leið á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess.

Ártúnssveppir hf. greiddu af skuldabréfinu allt til 20. ágúst 1994, en þá fór skuldabréfið í vanskil. Ártúnssveppir hf. voru úrskurðaðir gjaldþrota 6. desember 1995.

Í stefnu málsins kemur fram, að með yfirlýsingu, dags. 3. maí 1993, hafi ábyrgð Þórðar Þórðarsonar verið felld niður, en um leið hafi stefnandi tekið á sig sjálfskuldarábyrgð á skuldinni. Í yfirlýsingu þessari segir orðrét: „Ábyrgðaraðild Þórðar Þórðarsonar fellur hér með niður, en í stað hans mun koma Matthías M. Guðmundsson.“ Var þetta gert án vitundar stefnda.

Skuldabréfið fór í vanskil 20. ágúst 1994, og voru þá ábyrgðarmenn krafðir um greiðslu á því. Stefnandi leysti bréfið til sín 8. desember 1995 með greiðslu á 943.124 kr. Stefnandi krefur nú stefnda um helming þeirrar fjárhæðar.

Stefnandi kveðst miða við reglur um viðskiptabréf og eðli solidarískrar ábyrgðar og telur, að hann geti krafið stefnda um sama hlutfall af skuldinni og fjöldi ábyrgðarmanna er.

Sýknukrafa stefnda hvílir á því, að stefndi hafi hvorki tekið á sig sjálfskuldarábyrgð gagnvart stefnanda né verið samábyrgðarmaður hans, og því geti stefnandi ekki átt endurgreiðslukröfu á hendur stefnda. Stefnandi hafi kosið að koma í stað upphaflegs sjálfskuldarábyrgðaraðila skuldabréfsins, Þórðar Þórðarsonar. Stefnandi hafi því ekki öðlast betri rétt en Þórður hafi átt, heldur hafi hann einungis tekið við réttindum og skyldum Þórðar við ábyrgðarmannaskiptin. Þórður hafi tekið á sig gagnvart stefnda, Grænmeti hf., fulla ábyrgð á allri skuldinni með fullri vitneskju um, að ekki væri öðrum ábyrgðarmönnum til að dreifa. Síðar til komin ábyrgð stefnda fái engu um það breytt. Skuldabréfið hafi verið gefið út til tryggingar greiðslu skuldar við stefnda, og hafi Þórður tekið á sig þá ábyrgð með áritun sinni á bréfið að greiða skuldina að fullu, ef aðalskuldari, Ártúnssveppir hf., greiddi ekki skuldina.

Stefndi kveður undirritun sína undir yfirlýsingu á bakhlið skuldabréfsins um sjálfskuldarábyrgð hafa komið til síðar, þegar framselja skyldi bréfið

Sparisjóði Kópavogs til að verða við kröfum sparisjóðsins um fullnægjandi ábyrgð gagnvart sparisjóðnum og hugsanlegum síðari framsalshöfum. Þegar Þórður hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldinni samkvæmt skuldabréfinu, hafi það ekki verið forsenda af hans hendi, að stefndi gerðist ábyrgðaraðili gagnvart honum, heldur hafi Þórður lofað að greiða handhafa bréfsins, sem þá var stefndi, Grænmeti hf., alla skuldina. Endurgreiðslukrafa stefnanda á hendur Grænmeti hf. fái með engu móti samrýmst skyldu stefnanda samkvæmt réttarsambandi þeirra, en stefnandi hafi fengið við sjálfskuldarábyrgðaraðilaskiptin samkvæmt yfirlýsingu 3. maí 1993 sömu réttarstöðu og Þórður hafði. Stefndi og Þórður Þórðarson hafi ekki verið samábyrgðaraðilar að skuldabréfinu. Stefndi hafi ekki haft vitneskju um sjálfskuldarábyrgðaraðilaskipti Þórðar og stefnanda. Hafi stefndi því ekki á nokkurn hátt verið aðili að yfirlýsingunni frá 3. maí 1993. Telur stefndi með vísan til reglna kröfuréttar um endurkröfur og ábyrgðir, einkum þeirrar undantekningar frá meginreglu um jafna skiptingu ábyrgðar, að endurkröfuréttur stofnist ekki milli sjálfskuldarábyrgðaraðila, nema um samábyrgð þeirra sé að ræða, með vísan til dóma Hæstaréttar árið 1993, bls. 334, 2344 og 2340.

Stefnandi gaf aðilaskýrslu og Valdimar Steinar Jónasson framkvæmdastjóri auk þess vitnaskýrslu.

III.

Niðurstaða.

Fyrir dóminum lýsti stefnandi því, að hann hefði verið beðinn um að takast á hendur sjálfskuldarábyrgð á skuldabréfi því, sem hér um ræðir. Sér hafi jafnframt verið tjáð, að annar ábyrgðaraðili væri á bréfinu. Við undirskrift sína á bakhlið bréfsins í Sparisjóði Kópavogs hafi hann séð áritun stefnda um ábyrgð hans. Sér hafi ekki verið sýnd framhlið skuldabréfsins og því ekki verið kunnugt um ábyrgð Þórðar Þórðarsonar, fyrr en hann fékk skuldabréfið í hendur, eftir að hann hafði greitt það. Hann hafi áritað skuldabréfið í trausti þess, að um samábyrgð sína og stefnda Grænmetis ehf. væri að ræða, og ekki ætlað að ganga í ábyrgð í stað Þórðar Þórðarsonar.

Vitnið Valdimar Steinar Jónasson skýrði svo frá fyrir dóminum, að stefndi hefði framselt skuldabréfið Sparisjóði Kópavogs og tekist um leið á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu þess með áritun á bakhlið. Þegar það gerðist, hefði sjálfskuldarábyrgð stefnanda ekki verið komin til.

Með yfirlýsingu, dags. 3. maí 1993, var lýst yfir því af hálfu Sparisjóðs Kópavogs, að ábyrgð Þórðar Þórðarsonar væri felld niður, en í stað hennar

kæmi ábyrgð stefnanda. Yfirlýsing þessi, sem er ódagsett og rituð á sérstakt blað, er ekki undirrituð af stefnanda. Stefnandi hefur borið fyrir dóminum, að sér hafi ekki verið kunnugt um yfirlýsingu þessa, fyrr en eftir að hann greiddi skuldina.

Það er álit dómsins, að sannað þyki, að stefnandi hafi ritað á skuldabréfið sem sjálfskuldaraðili, eftir að stefndi hafði tekist á hendur slíka ábyrgð samkvæmt áritun á bakhlið þess. Gegn neitun stefnanda þykir hins vegar ósannað, að stefnandi hafi með yfirlýsingunni frá 3. maí 1993 gengið inn í réttarstöðu eða sjálfskuldarábyrgð Þórðar Þórðarsonar. Hæstaréttardómar þeir, sem stefndi vísar til sýknukröfu sinni til stuðnings, eiga því ekki við um sakarefni þetta.

Samkvæmt þessu þykir verða að fallast á það með stefnanda, að hann hafi tekist á hendur sjálfskuldarábyrgð á greiðslu skuldarinnar í góðri trú um, að hann væri samábyrgur með stefnda, og það verið forsenda fyrir ábyrgð hans. Í samræmi við þetta ber að taka stefnukröfu til greina.

Atvik málsins upplýstust ekki að fullu fyrr en við aðalmeðferð þess. Lögmaður stefnda mótmælti við aðalmeðferð þeirri breytingu á atvikalýsingu stefnanda, að stefnanda hefði verið ókunnugt um ábyrgð Þórðar Þórðarsonar og yfirlýsingu Sparisjóðs Kópavogs um niðurfellingu ábyrgðar hans. Taldi hann, að skilja hefði mátt á stefnunni, að stefnanda hefði verið kunnugt um yfirlýsinguna um ábyrgðarmannaskiptin og varnir stefnda byggst á því sjónarmiði.

Umrædd yfirlýsing Sparisjóðs Kópavogs var meðal sóknargagna og var lögð fram án nokkurra athugasemda stefnanda um, að honum hefði ekki verið um yfirlýsinguna kunnugt. Í ljósi þessa þykir rétt, að málskostnaður falli niður í málinu.

Valtýr Sigurðsson héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Grænmeti ehf., greiði stefnanda, Matthíasi M. Guðmunds-syni, 471.562 kr. auk vaxta skv. III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 8. desember 1995 til greiðsludags. Dráttarvextir leggjast við höfuðstól á 12 mánaða fresti, í fyrsta skipti 8. desember 1996.

Málskostnaður fellur niður.
